

Raforkumálastjóri

11 KV HÁSPENNULÍNUR

ÍSINGARÞUNGI
KOSTNAÐARSAMANBURÐUR

Júlí 1966

11 KV HÁSPENNULÍNUR

ÍSINGARÞUNGI KOSTNAÐARSAMANBURÐUR

Eftir Eðvarð Arnason
Jóhann Mátí Maríusson
Rögnvald Þorláksson.

Júlí 1966

EFNISYFIRLIT

| | | | |
|-------|---|------|----|
| 1. | INNGANGUR | bls. | 1 |
| 2. | ÍSING Á ÍSLENSKUM HÁSPENNULÍNUM | " | 4 |
| 2.1 | Eðli ísingar | " | 4 |
| 2.1.1 | Hrím | " | 4 |
| 2.1.2 | Skýjaísing | " | 5 |
| 2.1.3 | Glerjungur | " | 7 |
| 2.1.4 | Slydduísing | " | 7 |
| 2.2 | Ísing á Íslandi | " | 7 |
| 2.3 | Reikningsgrundvöllur | " | 9 |
| 2.4 | Hvar eiga Íslendingar að skipa sér á bekk í ísingarmálum ? | " | 12 |
| 2.5 | Hvaða breytingum myndu reglur af þessu tagi valda ? ... | " | 15 |
| 3 | UM STRENGINGU VÍRA Í HÁSPENNULÍNUM | " | 16 |
| 3.1 | "Hinn gullni meðalvegur" | " | 16 |
| 3.2 | EDS-strenging víra og CIGRE-nefndin (1953 - 1960). ... | " | 16 |
| 3.3 | EDS-strengingin á Íslandi. | " | 18 |
| 4 | ÚTREIKNINGUR Á STÆRSTU LEYFILEGRI HAFLENGÐ OG KOSTNAÐI 11 KV TRÉSTAURALÍNU Á EINFÖLDUM STAURUM | | 20 |
| 4.1 | Inngangur | " | 20 |
| 4.2 | Samanburðargrundvöllur | " | 21 |
| 4.3 | Útreikningur á hámarkshafleidd | " | 21 |
| 4.3.1 | Forsendur | " | 22 |
| 4.3.2 | Formúlur | " | 23 |
| 4.4 | Útreikningur á kostnaði | " | 25 |
| 4.5 | Framkvæmd útreikninga | " | 27 |
| 4.5.1 | Forskrift fyrir rafreikni | " | 28 |
| 5. | KOSTNAÐARSAMANBURÐUR OG NIÐURSTÖÐUR | " | 32 |
| 5.1 | Kostnaðarsamanburður | " | 32 |
| 5.2 | Niðurstöður | " | 39 |

1. INNGANGUR

Í marz 1964 skipaði rafmagnsveitustjóri ríkisins Eiríkur Briem þá Eðvarð Árnason, sem formann, Ásgeir Sæmundsson og Baldur Helgason í nefnd til þess að gera tillögur um hvaða ráð væru tiltækileg til þess að lækka stofnkostnað sveitaveitna án þess að rekstraröryggi þeirra væri skert að nokkru ráði og án þess að til símatruflana kæmi. Nefndin komst meðal annars að þeirri niðurstöðu að byggt skyldi meira af eins- og tveggja- víralínnum með jörð, sem einn leiðara. Aukin skyldi strenging víra, og landinu skipt niður í ísingarsvæði þannig að á a. m. k. hálfu landinu væri reiknað með minni ísingarþunga en nú er gert.

Í desember 1964 var byggingadeild falið í framhaldi af störfum nefndarinnar að láta fara fram endurskoðun á reglum um byggingu háspennulína í sveitum og jafnframt að finna ódýrustu lausnir miðað við endurskoðaðar reglur.

Ákveðið var að verkinu skyldi hagað þannig :

1. Samdar tillögur að reglum um byggingaverkfræðilega lönnun háspennulínanna með blöðsýn af sænskum reglum
2. Fundnar ódýrustu línugerðir fyrir eins-, tveggja- og þriggjavíra línur miðað við ofangreindar reglur
3. Samin skýrsla um athugun þessa þannig úr garði gerð að aðgengilegt sé að halda athugunum áfram þegar þurfa þykir.

Athugun þessi var framkvæmd af verkfræðingunum Eðvarð Árnasyni og Jóhanni Má Maríussyni auk undirritaðs, og fara helztu niðurstöður hér á eftir.

Í kafla 2 gerir Eðvarð Arnason grein fyrir ísingu á íslenskum háspennulínunum og mælir með eftirfarandi reglum.

Reiknað skal almennt með ísingarþunga skv. II. flokki í sænskum reglum (klassa II SEN 3601) með eftirtöldum undantekningum

Reiknað skal skv. I. flokki (Klassa I) í sömu reglum á eftirtöldum stöðum.

Á Norður- og Austurlandi

1. Á hálendi yfir 300 m y s
2. Á línunum sem liggja þvert í ísingarátt
3. Á línunum annars staðar þar sem vitað er um mikla ísingarhættu

Á Vestur- og Suðurlandi

1. Eingöngu þar sem vitað er um mikla ísingarhættu.

Auk ofangreindra undantekninga skal reiknað með I. flokki í falltreystum línuhlutum, síma og vegabæturum og í staurahöfum næst spennistöðvum.

Í kafla 3 ræðir Eðvarð Arnason um strengingu víra í háspennulínunum og gerir grein fyrir hugtakinu meðaláraun (Everyday Stress) Leggur hann til að strenging verði miðuð við 18% af slitþoli vírs við + 5 °C án aukaálags.

Í kafla 4 greinir Jóhann Már frá forsendum þeim og formúlunum sem notaðar eru við útreikning á leyfilegri fjarlægð milli staura. Þar er einnig sýnd forskrift fyrir rafreikni, sem notuð var til þess að reikna út hinar fjölmörgu línugerðir sem athugaðar voru.

Jóhann Már naut aðstoðar Helga Sigvaldasonar, licentiats við samningu forskriftarinnar fyrir rafreikninn, en ekki hefði reynst kleyft að athuga nema lítinn hluta þeirra möguleika sem athugaðir voru ef rafreiknisins hefði ekki notið við.

Í kafla 5 gerir Jóhann Már grein fyrir niðurstöðum af kostnaðarsamanburði og sýnir þar fram á að spara má 10 - 20% af byggingarkostnaði línanna ef farið er eftir þeim tillögum um mismunandi ísingarpunga sem lagðar eru til í kafla 2, í stað þess að reikna með sama ísingarflokki allsstaðar en fram að þessu hefur það verið gert og þá miðað nokkurn veginn við I. flokk skv. sænskum reglum. Þessum kafla fylgir línurit þar sem sýnt er sambandið milli kopargildis og kostnaðar við ódýrustu línugerðir hvernar vírtegundar fyrir sig, en línurit þetta er til leiðbeiningar um val á hagstæðustu línugerð hverju sinni.

Reykjavík í júlí 1966.

Rögnvaldur Þorláksson.

2. ÍSING Á ÍSLENZKUM HÁSPENNULÍNUM.

2.1 Eðli ísingar.

Ísingu á línum má skipta í fjóra aðalflokka eftir eðli ísingarinnar og hvernig hún myndast.

Á íslenzku heita flokkarnir :

1. Hrím (eða héla), eðlisþyngd 0,01 – 0,10
2. skýjaísing, " 0,10 – 0,5
3. glerjungur " um 0,9
4. slydduísing " 0,3 – 0,9

Hrím sest oftast jafnt á allt yfirborð vírsins. Hinar tegundirnar setjast aðallega ofan á vírana eða á kulborð þeirra, en dreifast svo úr þeirri stöðu vegna þyngdarinnar og mynda sívalann ísingarhólk um vírinn.

Hér verður nánar lýst ísingarflokkunum :

2.1.1 Hrím (héla)

(Á erl. málum, mun þessi ísingartegund kallast : norska : rimis, sænska : angfrost, enska : air-frost, þýzka : Reif.) Þegar loftmagn með vatnsgufu kólnar þannig, að það verði gufumettað við hitastig undir frostmarki og kælist svo enn meir við að snerta frostkaldan flöt, myndast hrím eða héla við að gufan þéttist (sublimerast) í ískristalla á fletinum. Þetta má oft sjá í ísskápum og á pípum í frystihúsum. Það fer mjög eftir því á hvern hátt varmaskiptin eiga sér stað hvernig hrímið eða hélian lítur út. Héla á jörðu, er eðlislétt og viðkvæm, hún myndast t.d. á haustkvöldum þegar jörðin kólnar við útgeislun og uppgufun rétt niður fyrir frostmark. En héli á gluggarúðum er venjulegast þéttari. Hún myndast þegar rakt en tiltölulega hlýtt loft leikur um frostkaldar rúður. Hrím er venjulegast lítið að magni, viðkvæmt (laust í sér), hvítt og kristallað og eðlisþyngd þess mjög lítil, 0,01 – 0,05. Við sumar aðstæður getur

héla eða hrím þó bráðnað og breytt um útlit og jafnvel orðið að glærum ís, sbr. gluggahélu. Hrím eða héla geta að eðli sínu myndast í heiðskíru veðri, en viðkvæmni hennar (hún hrynur af hlutum við minnsta blæ) gerir það að verkum, að hún telst meinlaus loftlínum hér á landi. En það er ekki loku fyrir það skotið að hrímísing geti aukið aðrar tegundir ísingar á línum. Það stafar af því að mettnarþrýstingur vatnsgufu er minni yfir ísi en yfir ófrosnu vatni. Sé gufumagn loftsins rétt á mörkum þess, að vatnsdropar myndist, þá eru þau skilyrði til, að ís myndist þar sem áður var ís fyrir, og lína sem fengið hefur á sig einhverja tegund ísingar, t.d. slydduísingu, getur því aukið ísingarmagn sitt þótt ísingarlaus lína haldist hrein. Þetta atriði hefur þó ekki verið rannsakað neitt að ráði svo ég viti. Hrím er nokkuð algeng ísingartegund á línum í sumum löndum, t.d. Þýzkalandi, Svíþjóð, Rússlandi og víðar.

2.1.2

Skýjaísing.

(n : Takeis, væris, s. dimfrost, e. rime, þ. Rauhreif). Þegar loftmagn með vatnsgufu stígur upp í loftið t.d. af völdum þess flotkrafts, sem það fær við að vera heitara en nágreinið, vex rúmmál þess og það kólnar. Við kólnunina þéttist gufan og verður að skýjum, sem eru urmull af örsmáum vatnsdropum. Ef þéttunin er mikil verða droparnir stórir og falla til jarðar sem regn, krap eða snjór eftir aðstæðum. Haldist skýjadroparnir aftur á móti litlir, geta þeir svifið lengi í lofti. Í því ástandi geta þeir líka kólnað mikið (10–20⁰C) niður fyrir frostmark án þess að missa það eðli sitt, eða vera fljótandi vatn. Það kallast undirkæling. Það má líta svo á, að undirkældir dropar séu í óstöðugu jafnvægi. Ef þeir verða fyrir utan- aðkomandi áhrifum t.d. hnjaski, breytast þeir á svipstundu, í krap, eða blöndu af ís (snjó) og 0⁰C heitu vatni. Jafnframt losnar varmi.

Skýjaísing fær efnivið sinn úr undirkældum dropum í skýjum, þoku eða úða. Eðlisþyngd hennar er mjög mismunandi 0,05 – 0,9. Útlit hennar er í samræmi við eðlisþyngdina.

Léttust er hún hvít, kristölluð og laus og líkist hrími. Sé hún eðlisþung líkist hún glerjungu, föst og hörð, mjólkurlit eða vatnstær.

Eðlisþyngdin og útlitið fer eftir því hve fljótt vatnsdroparnir breytast í ísingu. Því hraðar sem þeir frjósa því eðlisléttari verður ísingin og því meir líkist hún hrími. Litlir og mikið undirkældir dropar, sem falla á mjög kaldan hlut sem er góður hitaleiðir, hafa öll skilyrði til að frjósa mjög fljótt. (Hitaleiðni hlutarins hjálpar til að leiða burtu varma þann, sem myndast, þegar droparnir frjósa). Ísing sú, sem myndast við þessi skilyrði er mjög eðlislétt og frauðkennd. Droparnir halda jafnvel lögun sinni. Svíar kalla hana "mjuk dimfrost" en á íslenzku mætti nefna hana "skýjhrím" sökum þess að hún líkist mest hrími. Það er skilyrði fyrir því að ísing festist við hlut, að hitastig hlutarins sé lægra en 0°C . Þetta gildir um allar tegundir ísingar. Sá varmi, sem losnar er vatn frýs, hefur að því er ísingu snertir margar leiðir til undankomu, auk þess sem hann getur leiðst til hlutarins sjálfs, sé hann hitaleiðir, getur hann geislað til loftins í kring eða valdið uppgufun. Vatnið, sem myndast við ísinguna er að vísu aðeins 0° heitt, en þó venjulega með hærra hitastigi en loftið í kring og því getur uppgufunin orðið fremur ör. Frjósi skýjadropar ekki ört, renna oft margir dropar saman áður en þeir frjósa, ísingin verður þá þéttari og eðlisþyngri (eðlisþ. 0,1-0,5). Hún er þá hvít með sérkennilegum, hvítum, spegilsléttum skánum (þessarar tegundar hefur víða orðið vart héraendis, m.a. á Vaðlaheiði og Fjarðarheiði). Sé loks um mjög stóra skýjadropa að ræða sem frjósa hægt, getur skýjaísingin orðið hörð, þung og jafnvel glær, með eðlisþyngd allt að 0,9. Skýjaísing sezt kulborðsmegin á hlutina. Á loftlínuvírnum verður hún samt oftast að næstum sívölum hólk, sökum þyngdarinnar sem snýr henni um vírinn. Einnig kemur það oft fyrir að ísingin snúi upp á vírana. Vindáttina, þegar ísingin myndast, má sjá á ísingarkili þeim, sem myndast kulborðsmegin á staurana. Skýjaísing er víða alvarlegasta ísingartegundin t.d. í Noregi, Mið-Evrópu og víðar.

2.1.3

Glerjungur

(n. glattis, s. glattis, e. glazed frost, þ. Glatteis)
Glerjungur myndast af fremur stórum regndropum, sem eru ekki mikið undirkældir. Droparnir geta því alveg runnið saman áður en þeir frjósa. Ísingin er þétt og þung og venjulega gegnsæ. Eðlisþyngd hennar er um 0,9. Þetta er algengasta ísingartegundin í flestum fylkjum Bandaríkjanna, og sú sem þeir eiga við í flestum sínum ritgerðum um ísingu. Hér á landi er hún óþekkt á loftflínum, en ég þykist hafa orðið var greinilegrar glerjungusmyndunar í tvö skipti á vegum úti.

2.1.4

Slydduísing.

(n. snöbelegg, snö, s. snöbeläggning (blötsnö) e. sleet, þ. Schnee).

Slydduísing myndast þegar hitahvörf eru í lofti skammt fyrir ofan jörð og þannig hagar til að hitastig er undir frostmarki neðan þeirra, en um eða lítið eitt yfir frostmarki ofan þeirra, og úrkoma, rigning eða slydda, fellur úr heita loftinu. Skilyrði fyrir því að slydduísing festist á línur er að þær séu frostkaldar. Venjulegast mun hitastigið á ísingarstaðnum vera mjög vægt frost, - 0,5 - - 1,0° C, ef frostið er nokkru sem nemur meira, er slyddan orðin að (þurrum) snjó áður en hún kemur á vfrana og tollir þá ekki á þeim. Slydduísing er algengasta ísingartegundin á láglandi á Íslandi, á S-landi mun hún vera eina tegundin. Á fjöllum og heiðum, vestan-norðan og austanlands mun skýjaísingin vera algengari, en líklega er þar einnig stundum um slydduísingu að ræða. Slydduísing getur myndast í allmiklum eða miklum stormi.

2.2

Ísing á Íslandi.

Eins og reyndar er búið að segja hér að framan, eru það aðeins tvær tegundir ísingar, þ. e. skýjaísing og slydduísing sem við höfum við að stríða hér á landi, en tvær tegundir þ. e. hrímið og glerjungurinn eru svo til eða algjörlega óþekkt fyrirbrigði á línunum hér. Hrímið er þó alþekkt ísingartegund í ýmsum Evrópulöndum, svo sem Svíþjóð, Þýskalandi og Ráðstjórnarlöndum. En glerjungur

er aðalísingartegund Bandaríkjanna.

Ísingartegundir Íslendinga, skýjaísing og slydduísing, virðast einnig mjög mistíðar eftir landshlutum hér á landi.

Skýja ísing er svo til óþekkt á sunnanverðu og vestanverðu landinu. En er alltið, sérstaklega áveðurs á háls-um, hæðum og fjöllum á N-landi, allt frá Strandasýslu og austur til Langaness og þaðan suður alla Austfirði, líklega suður í Almannaskarð. Skýjaísingin myndast í hafáttum, norðlægum og norðaustlægum á N-landi, en norðaust- og austlægum á Austfjörðum.

Slydduísing hefur komið fyrir í öllum sýslum landsins. Sunnanlands er ísingaráttin SA. (Vestanlands, vestlæg). Norðanlands og austan NA. Hér er alls staðar, þegar um slydduísingu er rætt, átt við vind ofar hitahvörfum en á línusvæðinu, sérstaklega í upphafi ísingartímans, getur verið logn eða hægir hopvindar. Margt virðist benda til þess að " ísingartíminn " þ. e. sá tími, sem ísing hefur skilyrði til að myndast, sé miklum mun skemmri á S. og V-landi, en N og A-lands. Þannig er það skoðun þess, er þetta ritar, að það megi teljast til undantekninga ef ísingartími slydduísingar á S- og V-landi sé lengri en 1-2 klukkustundir en á N-landi og Austfjörðum (sérstaklega norðanverðum) geti ísingartíminn oft orðið miklum mun lengri og að því er skýjaísing varðar getur ísingartíminn varað svo dægum skiptir.

Af framangreindu sést að Norður og Austurland hafa sérstöðu að því er ísingu snertir. Á Norður- og Austurlandi hafa svo ýmsir staðir t. d. heiðarnar milli fjarðar í Strandasýslu, Kolugafjall, (milli A-Hún. og Skagafjarðar), Vaðlaheiði, Tunguheiði, Haugsöræfi (Dimmifjallgarður), Fjarðarheiði, Oddsskarð o. fl. sérstöðu að því er skýjaísing snertir. Línur þvert á ísingarátt fá á sig meiri ísingu en línur sem liggja eftir ísingaráttinni. Þess vegna fá þverlínur í dölum N. og - A-lands meiri ísingu en línur sem liggja eftir dölunum endilöngum.

2.3

Reikningsgrundvöllur.

Flestar eða allar þjóðir á norðurhveli jarðar reikna með að einhverskonar ísing setjist á línur þeirra. Sumar þjóðir skipta löndum sínum í ísingarhéruð (sónur) og reikna þá með misjafnlega þungri ísingu eftir því hvar línan er.

Af þessum þjóðum má nefna :

Bandaríkin , sem reikna með þremur ísingarsónum

- a) Heavy loading districts, með 1/2" ísingarþykkt á víra
- b) Medium loading districts, með 1/4" ísþykkt og
- c) Light loading districts, með engri ísingu.

Bandaríkjamenn reikna með eðlisþyngdinni 0,915 (kg/dm³)

Englendingar reikna yfirleitt ekki með ísingu á dreifi-
línnum sínum, en 1/2" ísingarþykkt á meiriháttarlínnum,
sérstaklega þar sem línurnar liggja í nokkurri hæð yfir
sjó (hæðamörkin eru um 300 m)

Spánverjar reikna með allmiklu meiri ísingu á línnum
sem liggja í 1000 m hæð eða hærra en á línnum sem lægra
eru settar.

Norðmenn reikna með ísingarþunga eftir reglunni

$p = (0,9 + 0,225 \cdot d)$ kg/m á fjöllum en yfirleitt miklu
minna á láglendi.

Rússar skipta sínu stóra landi í nokkur misþung ísingar-
svæði og taka auk þess tillit til þýðingu línanna. Í því svæði,
sem Rússar vænta mestrar ísingar reikna þeir með þessum
þyngdum $p = 0,75 \cdot d$ (kg/m) fyrir þýðingarmiklar línur
 $p = 0,45 \cdot d$ (kg/m) fyrir þýðingarminni línur

Til samanburðar má geta þess, að Þjóðverjar, Belgar,
Hollendingar, Danir og fleiri reikna með ísingarþyngdinni
 $p = 0,18 \cdot d$ (kg/m) (d er allsstaðar reiknað í mm,
þvermál vírsins)

Svisslendingar reikna venjulega með 2 kg íspunga á
lengdarmetra án tillits til þvermáls vírsins. Annars er
reglan hjá þeim þessi :

| | |
|--------------------------|--------|
| línur allt að 1000 m hæð | 2 kg/m |
| 1000–1800 m | 3,5 " |
| 1800–2100 m | 5 " |

| | |
|-------------|--------|
| 2100-2300 m | 8 kg/m |
| yfir 2300 m | 12 " |

Svíðar skiptu fyrst sínu landi í tvö ísingarsvæði Isomrade F og Isomrade G og í hverju Isomrade höfðu þeir þrjá flokka (klasse). Þykkt ískápunnar var þá hjá þeim, 3,4 cm og niður í 1,3 cm. Þeir reiknuðu með því að eðlisþyngd ísingarinnar væri 0,75. Á þessum grundvelli voru samdar byggingareglur Svíðar um háspennulínur SEN 12, 1945, sem voru endurprentaðar 1953 án breytinga.


Árið 1961 gáfu þeir út aðrar reglur, SEN 3601, í þeim reglum minnka þeir þykkt ísingarhólksins um 0,7 cm, reikna með eðlisþyngdinni 0,9 og gera landið allt að einu ísingarsvæði, en halda áfram að skipta línunum í flokka eftir þýðingu þeirra, eða þannig :

1. flokkur (Klass 1) Þýðingarmiklar landslínur, Orkuflutningslínur til heils landshluta eða stórrar borgar. Einnig falltreystir línuhlutar og sambærilegir hlutar línu
2. flokkur (Klass 2) Orkuflutningslínur til stórra byggða eða héraða, stórs iðjuvers o.þ.l.
3. flokkur (Klass 3) Orkuflutningslínur til takmarkaðs svæðis, eða til lítilla notenda, (dreifilínur og lágspennulínur).

Mynd 1 sýnir yfirlit um ísingarþunga nokkurra landa. (Myndin er að verulegu leyti fengin úr ritinu " Elektrizitätswirtschaft des. 1964 ").

Línurnar eru :

- 1a Rússland (þýðingarmiklar línur) $p = 0,75$ d
- 1b Rússland (þýðingarminni línur) $p = 0,45$ d
- 3 Spánn (yfir 1000 m hæð)
- 4 Bandaríkin (Heavy Loading District) 1/2 ísþykkt Bretland
- 5 Sviss $c = 2$ kg/m = konstant
- 6 Pólland



- 7 Austurríki
- 8 Þýzkaland, Niðurlönd, Danmörk, Spánn $p = 0,18$ d
- 9 Bandaríkin (Medium Loading Districts) $1/4''$ íspykkt
- 10 Japan

Loks sýnir myndin einnig ísingarþungann, sem Svíar reikna með skv. síðustu reglum sínum : SEN 3601, 1961 :

Svíþjóð :

Klassi 1 íspykkt $1,8$ cm $q_{iv} = 0,92 + 0,051 \cdot d$ (kg/m)

Klassi 2 íspykkt $1,1$ cm $q_{iv} = 0,34 + 0,031 \cdot d$ (kg/m)

Klassi 3 íspykkt $0,7$ cm $q_{iv} = 0,14 + 0,020 \cdot d$ (kg/m)

Eins og sést á myndinni er sænska ísingin, kl. 1, mjög ofarlega á blaði eða um það bil næst hæst á milli rússnesku ísingarreglanna.

Sænski ísingarklassinn 2 er miklum mun nær " Heavy loading " en " Medium loading " flokkunum bandarísku.

Sænski ísingarklassinn 3 er mjög áþekkur Medium flokknum bandaríska.

2.4

Hvar eiga Íslendingar að skipa sér á bekk í ísingarmálum ?

Við höfum nú orðið 75 ára línu- og ísingarreynslu á þessu landi, ef telja má frá þeim tíma þegar símalína var reist milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Ísing var all-mikilvirkur vágstur á símalínum landsmanna sérstaklega fyrstu áratugi Landssímans og hennar hefur einnig orðið vart og hún hefur valdið tjóni á háspennulínum síðan þær komu til sögunnar. Það er meiri von í singar hér en t. d. í Danmörku og í lágsveitum Noregs. Aftur á móti er norskt fjalllendi og sænskt, ýmis svæði Rússlands og Alpafjöll mikið alvarlegri ísingarsvæði en hér finnast. Eyjarklímað íslenzka og hið stöðuga ráp lægðanna austur á bóginn um Ísland valda því, veðráttan er óstöðug, en af því leiðir jafnframt, að ísingarveður eru oftast mjög skammá hér. Reynsla okkar er því sú, að hér þarf síður en svo að óttast ísingu meir en Svíar gera. Sem sé að á Íslandi sé fremur um minni ísingu að ræða en í Svíþjóð.

Viðbrögð Svía gagnvart ísingu fer mikið eftir gildi línanna. Eftir gildi þeirra eða þýðingu skipa þeir Svíar línur sínur í þrjá flokka, klassa I, klassa II og klassa III. Línur þær, sem hér eru til umræðu, þ. e. 11-30 kV dreifi- línur myndu falla undir klassa III hjá Svíum, en vegna ýmisskonar aðstöðumunar á Svíþjóð og Íslandi að því er varðar kostnað við viðgerðir o. fl. þykir okkur rétt að línur þessar falli hér í flokk sem samsvarar myndi klassa II hjá Svíum og tillaga okkar yrði því :

- 1) að því er Norður- og Austurland snertir reiknað sé með ísingarpunga skv. klass II hjá Svíum $q_{IV} = 0,34 + 0,031 \cdot d$ (kg/m) (d í mm)

Nema 1) á hálandi yfir 300 m y. s.

- 2) á línur sem liggja þvert á ísingarátt og
- 3) á línur annars staðar þar sem vitað er um all- mikla ísingarhættu


þar skal reikna með ísingarpunga skv. klassa I hjá Svíum þ. e. $q_{IV} = 0,92 + 0,051 \cdot d$ (kg/m)

- 2) að því er Vestur- og Suðurland snertir sé yfirleitt reiknað með ísingarpunga skv. klassa II. Nema í undantækingartilfellum þar sem vitað er að reikna má með meiri ísingu.

NBI Í falltreystum línuhlutum, síma- og vegapverunum og í staurahöfum næst spennistöðvum skal alls staðar á landinu reikna með ísingarþyngd skv. klass I.

NBII Þar sem undanþágurnar í grein varðandi N- og Austurland munu nema nálægt 50% af lengd línanna, væri alveg eins hægt að orða hana á annan hátt, þ. e. að gera undanþágurnar að reglu og annað að undanþágu.

Mynd 2



Ísingarsvæði í starstum dróttum.

2.5
Hvaða breytingum
myndu reglur af þessu
tagi valda.

Aðalbreytingin er sú, að hér er gengið út frá því að reikna með mismunandi miklu ísingarálagi. Hingað til hefur verið reiknað með sama ísingarálagi hvar sem er á landinu. Það ísingarálag samsvarar flokki, sem liggur milli sænsku flokkanna kl. I og kl. II, en auk þess hafa útstikunarmenn reynt að styrkja línur sérstaklega, með því að stytta staurabil þar sem þeir álíta sérstaka ísingarhættu. Eftir þessari tillögu okkar verður línunum fyrir útstikun skipt í tvo flokka " að beztu manna yfirsýn " flokk I og flokk II. Kostnaðarmismunur á línunum byggðum eftir þessum flokkum er ca 20 % eða 10-20 þús. kr. á km, og er það okkar skoðun að um það bil 3/4 hlutar lína sem ólagðar eru hér á landi ættu að geta lent í ódýrari flokkinum. Eins og áður er myndu Svíar skipa öllum 11kV línunum okkar og flestum 30 kV-línunum líka í ísingarflokk 3, en íslenskar aðstæður, dýrar viðgerðir á línunum og fleira gerir það að verkum að réttlæta má að línur séu byggðar sterkari hér en í Svíþjóð, þótt ísingarmagnið sjálft geri það ekki. Á hinn bóginn er það trú mín að aukin reynsla muni sýna að slá megí af ísingarkröfunum og nú þegar sé jafnvel rétt að reikna með 1-vírs línunum í 3. ísingarflokki þar sem tveggja og þriggja víra línur myndu vera í ísingarflokki 2.

3. UM STRENGINGU VÍRA Í HÁSPENNULÍNUM

3.1

" Hinn gullni meðal-
vegur " .

Rétt strengin er meðalvegur.

Sé strenging víra óþarflega lítil fylgir í kjölfarið óþarflega mikið sig víra, sem takmarkar staurohóf, og eykur stofn-
kostnað lína.

Sé strenging víra aftur á móti of mikil er hætta á titringi víra (vibratjoner) eða stærri sveiflum (" dancing ") .
Titring víra er hægt að hemla með deyfum (dampers), sem til eru af ýmsum gerðum t. d. armour rods (USA), Stockbridgedampers (Engl.), Damping shims (Dämpfungsbearbeitung) (Þýskaland), " Bretelle " (Frakkl.) o. fl.
Strengingarmörkin eru oft tilgreind sérstaklega fyrir ódeyfða víra (án deyfa = dempara), en hærri mörk leyfð fyrir deyfða víra, og sést á því að það er titringur víra (vibrationir) sem takmarka strenginguna.

3.2

EDS-strenging víra og
CIGRE-nefndin (1953-
1960) .

Árið 1953 var á vegum Alþjóðlega háspennufundarins, CIGRE, skipuð nefnd til að safna reynsluupplýsingum um ýmislegt er varðar háspennulínur, svo sem strengingu línanna, titring víra og varnir gegn titringi og fleira. Nefndin átti einnig að draga ályktanir af upplýsingum þessum og gera tillögur um strengingu víra. Formaður nefndarinnar var kjörinn :

O. D. Zetterholm, yfirverkfræðingur hjá Kungl.
Vattenfallstyrelsen í Svíþjóð

En nefndarmenn voru m. a. frá þessum löndum : Kanada, U.S.A., Englandi, Frakklandi, Noregi, Finnlandi, Sviss, Ítalíu og Ráðstjórnarríkjunum. (Meðal nefndarmanna eru ýmis þekkt nöfn sem menn kannast við úr erlendum (fagritum). Vorið 1954 sendi nefndin spurnarlista til helztu

raforkudreifistjórnna heimsins og á næstu árum fengust svör frá mjög mörgum þeirra. Nefndin yfirfór svörin, sleppti þeim línunum, sem ófullnægjandi upplýsingar voru um, en eftir það reyndust fullnægjandi svör um þessar línur :

| Efni í vírum | Fjöldi lína | Lengd alls km |
|---------------------|-------------|---------------|
| Eir | 103 | 15.700 |
| ACSR (stálmín) | 126 | 78.400 |
| Al. (Almín) | 27 | 2.000 |
| Aldrey | 46 | 1.500 |
| Stál (grunnskaut) | 100 | 8.100 |

Svo virðist að nefnd þessi eða einn meðlimur hennar (Mr. Simpson, Englandi) hafi fyrst hleypt af stokkunum hugtakinu " Everyday Stress ", EDS. Skilgreiningu á hugtaki þessu er að finna í skýrslu nefndarinnar og er hún á þessa leið : " Everyday Stress-EDS is the general order of stress which exists over the larger proportion of the life of the conductor, and therefore, at or around mean temperature with little or no superimposed load ".

EDS er strenging við þau skilyrði, sem vænta má að gildi vanalegast meðan línan er notuð og miðast því við, eða sem næst, meðal-árshitastig og lítið eða ekkert aukaálag. EDS er miðað við tiltekinn hundradshlutafjölda (%) af slitþoli (ultimate strength) vírsins. EDS mætti kannske kalla á íslenzku, meðal - áraun og skammstafa : M. Á.

Nefndarálit CIGRE-nefndarinnar um strengingu víra, er birt í CIGRE-skýrslunni 1960 og heitir þar :

- 223 Report on the work of the International Study Committee
No 6: Bare Conductors and Mechanical Calculation of
Overhead Lines
by O. D. Zetterholm

Strenging víra, sem nefndin mælti með er sýnd í þessari töflu. Tölurnar sýna EDS-strengingu í % af slitþoli

| Vírefni | Deyfara- lausar línur | Línur með Armour rods | Damp- ers | Armour rods and Dampers |
|--------------------------------------|-----------------------------|--------------------------------|--------------|----------------------------------|
| Eir | 26 | - | - | - |
| ACSR | 18 | 22 | 24 | 24 |
| A1 | 17 | - | | - |
| Aldrey | 18 | - | 26 | - |
| Stál | | | | |
| 1)Fastar klemmur (rigid clamps) | 11 | - | - | - |
| 2)Sveifl.klemmur (Oscil. clamps) | 13 | - | - | - |

Í þýzkum ritum sést að Þjóðverjar miða EDS-strengingu við + 10°C. Meðalárshitinn á Íslandi er 4° (4,8° sunnanlands, en 3,4° norðanlands), sbr. upplýsingar frá Veðurstofu Íslands.

3.3 EDS-strengingin á Íslandi.

Það sem okkur Íslendinga varðar mest í þessu sambandi er hvort þessi tafla muni gilda um línur af okkar tagi þ. e.

- a) 1- og 3-fasa línur á standeinangrum með tréþverslám og tréstaurom.
- b) línur með granna stálmínvíra, með þáttahlutfalli, ST/A1, 1:6 (t. d. Robin, Raven og aðra mjóa víra með stærra þáttahlutfalli t. d. Dover og Loon).
- c) fremur stutt staurahöf.

Þessum atriðum svarar nefndin í Appendix C, sem fylgir skýrslunni :

- A) Nefndin hafði fengið til afhugunar skýrslur um hvort-tveggja, línur með standeinangrum og línur með hang-einangrun. Upplýsingar þessar voru þó ekki nægilega

víðtækar til að hægt væri að réttlæta mun á strengingu. Þó væri almennt álitnið að hangeinangrar drægju fremur, að öðru jöfnu, úr titringshættu. Um efni í möstum tekur nefndin fram, að tréslár og trémöstur muni virka líkt og dreyfar vegna sveigjanleik trésins. Járngrindamöstur séu að þessu leyti síðri. Eins og menn vita er algengast að standeinangrun fylgi tré sem mastursefni, og af því stafar, að líkindum, að munar gætir ekki, þar sem annað atriðið minnkar en hitt eykur líkurnar á titringi vírana.

- B) Um áhrif vírgildleika og lengd hafa segir nefndin þetta : Það hefur ekki verið hægt að finna neitt samband milli vírgildleika og titringshættu. Nokkrar þjóðir t. d. Svisslendingar strengja þó gilda víra með minni EDS en granna og er það í samræmi við velþekktar titrings-kenningar. Ekki var unnt að finna neitt samband milli haflengda og titringshættu (App. C. bls. 11 og 12).

Titringur víra er fyrirbrigði, sem almennt er álitnið að eigi sér helst stað í hægum vindi þvert á línuátt, hans gætir því fremur á víðáttumiklum sléttum en kemur síður fyrir í fjall-lendi eða þar sem hægir jafnir vindar eru sjaldgæfir. Titrings á vírum gætir helst á nýjum línum, á fyrstu mánuðum eftir strengingu línanna, en strax og vírinn hefur fengið tíma til að jafnast og toгна örlítið (creep) hverfur titringurinn þótt ekkert hafi verið aðgert. (Hr. Vinjar, Noregur). Jafnvirðið, sem helst orsakar titring víra, getur verið héraðsbundið og því bundið við takmarkað svæði. Menn skyldu því ekki verða of bráðir að slaka á strengingu allra lína þótt titrings verði vart á einni.

Mjög kemur til greina sérstaklega fyrir eins og tveggja víra línur að strengja þær meira en 18% af slitþoli og vera þá tilbúnir með deyfna á vírana. En með strengingu lína er unnt að spara fleiri prosent í stofnkostnaði lína en deyfar kosta í promillum.

4. ÚTREIKNINGUR Á STÆRSTU LEYFILEGRI HAFLENGÐ OG KOSTNAÐI 11 KV TRÉSTAURALÍNU Á EINFÖLDUM STAURUM.

4.1 Inngangur.

Fram að þessu hefur gilt sú regla um hönnun 11 Kv lína sem byggðar hafa verið af Rafmagnsveitum Ríkisins, að ákveðin hefur verið hámarkshafleingd í línunum hverju sinni út frá ákveðnum forsendum um „mekaniska“ áraun og vírgerðir, sem gilda skyldi jafnt allsstaðar á landinu.

Hefur verið byggt á reynslu um þetta efni og hefur orðið sú raun á, að hámarkshafleingdir hafa lengst mikilla muna frá því að fyrst var farið að byggja háspennulínur hér á landi.

Undanfarin ár hafa staurarnir í línunum þessum verið valdir af ákveðnum sverleika sem hefur verið meiri en á þeim, staurum sem t. d. Svíar kalla að hafi normal sverleika.

Nú hefur verið ákveðið að reikna út hámarkshafleingdir, út frá mismunandi miklu álagi frá vindi og ís skv. sænskum reglum SEN 3601 1962.

Í þessu sambandi var byggingadeild falið að athuga hver vera mundi hagkvæmasta línugerð frá „mekanisku sjónarmiði“ að öðru jöfnu miðað við mismunandi „mekaniska“ áraun og vírafjölda í línu.

Hér á eftir er rakið hvernig athugun þessi hefur verið framkvæmd og skýrt frá niðurstöðum.

4.2
Samanburðar-
grundvöllur.

Langflestar háspennulínur sem hér um ræðir eru byggðar þannig að staurar eru ekki allir hafðir jafn háir. Þetta orsakast m. a. af því að land er mishæðótt á línustæðinu.

Línur eru staursettar annað hvort í mörkinni eða á uppteiknað langsnið af línustæðinu. Í báðum tilfellum er valin ákveðin staurhæð, sem að öðru jöfnu er höfð og síðan er reynt að ná leyfilegum hámarkshafngdum eftir því sem hægt er.

Það sýnir sig í þeim línunum, sem þegar hafa verið byggðar, að mikill meirihluti þeirra staura sem í þeim eru, er af sömu hæð. Það kemur einnig í ljós meðalhafngd, sem næst í línunum, liggur fyrir þær flestar á bilinu milli 70 og 90% af hámarkshafngd.

Að óbreyttum aðferðum um staursetningu verður talið skv. ofangreindu að samanburður á ýmsum línugerðum gerður á „ sléttu landi ” muni geta gefið rétta hugmynd um hvers konar línugerð muni hagkvæmust frá mekanisku sjónarmiði.

Samanburður sá, sem í skýrslu þessari er að finna, er samanburður á kostnaði við hinar ýmsu línugerðir með breytilegu mekanisku álagi, gerður á sléttu landi með sams konar eiginleika til undirbyggingar. Gerð verður grein fyrir áhrifum kostnaðarbreytinga á vinnu og efni á heildarniðurstöðu.

4.3
Útreikningur á há-
markshafngd.

Til þess að reikna út hámarkshafngd er reiknað með að eftirtöldum skilyrðum verði að vera fullnægt .

1. Öryggi gegn beygjubroti á staur sé 2.4 og öryggi gegn „ knickung ” skv. Eulers reglu sé 2.5.
2. Ekki verði styttra bil milli vírs og jarðar en 4 m þegar á hann verka ís- og vindkraftar við 0°C skv . sen 3601 sem lóðrétt aukaálag.

3. Ekki verði styttra bil milli vírs og jarðar en 6 m við $+25^{\circ}\text{C}$ og ekkert aukaálag.
4. Aldrei komi hærri spennu í vír en sem svarar 55% af slitpoli hans miðað við ís og vindkrafta skv. SEN 3601.

Ís- og vindálag sem Svíar reikna með og hér er notað er sem hér segir :

$$\text{Mesta vindálag} = 25 \text{ kg/m}^2$$

Ísing flokkast í 3 flokka. Ep. er í öllum flokkum = 0.9 g/cm^3 og ískápuþykkt utan á vírum sem hér segir :

Mesta ísing : 18 mm

Miðlungs ísing : 11 mm

Minnsta ísing : 7 mm

4.3.1 Forsendur.

Í útreikningum hér á eftir er einungis reiknað með furustaurum og stál-alumín vírum.

Gert er ráð fyrir að eftirfarandi atriði séu rétt.

1. Skilyrðið um öryggi gegn beygjubroti á staur = 2,4 er alltaf strangara en skilyrðið um öryggi gegn „ knickung ” = 2,5 í línunum þeim sem hér eru reiknaðar.
2. Beygjuspenna í staur = 210 kg/cm^2 samsvarar í örygginu 2,4 gegn beygjubroti furustaura.
3. Teygjustuðull furutrés = 100.000 kg/cm^2
4. Eftirfarandi einfaldanir við útreikningana, sem eru gerðar hafa ekki áhrif á niðurstöðu.
 - a : Keðjulínan nálgast með parabólu
 - b : Reiknað með að innspennu þversnið staura sé 2 m frá botni

5. Efni í vírum og staurum fylgir Hookes lögmáli með því álagi sem hér er reiknað með.

Reiknað er með að strengingu víra sé þannig að í þeim virki krafturinn 18% af slitþoli við + 5^o C og ekkert aukaálag. (EDS = 18% af slitþoli sjá kafla 3 hér að framan).

4.3.2.

Formúlur.

Til þess að reikna út hámarks hafleugd vegna staura eru notaðar þessar formúlur:

$$1: M_{\max} = K_v \cdot l + K_1 \cdot Y_{\max}$$

M_{\max} = Móment í fjarlægðinni l frá toppi staura

K_v = Láréttur kraftur frá vindi á staur og víra

l = Heildarlengd staura mínus 2 m

K_1 = Lóðréttur kraftur frá eiginþunga og ís

Y_{\max} = Útbeygja á toppi á staur frá láréttum og lóðréttum kröftum.

$$K_v = C_1 \cdot n \cdot a + c_2$$

$$K_1 = C_3 \cdot n \cdot a + c_4$$

a = Hámarks hafleugd

n = Fjöldi víra í línu

c_1 = Vindálag á lengdarein. á víra

c_2 = Vindálag á staur (háð staurleugd)

c_3 = Eiginþungi og ísálag á lengdarein. vírs

c_4 = Þungi toppbúnaðar og hluti af þyngd staura (háð staura-leugd og staura-verleika)

$$1 a : Y_{\max} = \frac{Y_{k_v}}{1 - \frac{K_1}{P_k}}$$

Y_{k_v} = Útbeygja á toppi á staur frá láréttum kröftum einum

P_k = Kritískt gildi á lóðréttu álagi skv. Eulers reglu

$$1 \text{ aa: } Y_{kv} = \frac{Kv}{ES \cdot \frac{\pi}{64}} \cdot \frac{l^3}{3(D1) \cdot (D2)^3}$$

ES = Teygjustuðull trés

D1 = Þvermál stauris í toppi

D2 = Þvermál stauris 2 m frá botni

$$P_k = \gamma \cdot \frac{\pi^3}{64} \cdot \frac{ES \cdot (D2)^4}{l^2}$$

γ = Funktion af hlutfalli milli inertimómента topp og innspennuþversniðs. (Sjá töflu í BYGG I 1961 bls. 469 155 : 3)

$$2: T_{\max} = \frac{M_{\max}}{\text{Winnsp.}}$$

T_{\max} = Stærsta beygjuspenna í staur

Winnsp. = Móttstöðumóment í innspennuþversniði

Það skal tekið fram hér að ekki er tekið tillit til annarra áhrifa lóðréttu kraftsins á beygjuspennuna en þeim, sem sýnt er í formúlu 1, þar sem önnur áhrif eru mjög lítil í línum þeim sem hér eru reiknaðar.

Til þess að reikna út hámarkshaflemdir vegna víra eru notaðar eftirfarandi formúlur:

$$1: f_1^2 = \frac{3 \cdot q_1 \cdot a^4}{64 \cdot F \cdot E_1} \cdot \frac{1}{f_1} = f_0^2 = \frac{3q_0 \cdot a^4}{64 \cdot F \cdot E_0} \cdot \frac{1}{f_0} + \frac{3}{8} \cdot \beta \cdot \delta t \cdot a^2$$

$$2: f_q = \frac{q \cdot a^2}{8 \cdot F \cdot T_q}$$

f = sig á vír á miðju hafi

q = resulterandi álag

F = þverskurðarflatarmál vírs

β = hitaþanstuðull

δt = $(t_1 - t_2)$ t = hitastig á vír

T_q = mekanisk spenna í vír

a = hámarks haflengd.

Með þeim formúlum, sem nú hafa verið sýndar hér að fram-
an er hægt að reikna út ráðandi haflengd. Verður hún sú
stytzta af þeim 4 haflengdum sem reiknaðar eru út fyrir skil-
yrðin í kafla 4.3.

Það sýnir sig að hægt er að tákna $a =$ hámarks haflengd
explicit við þær stærðir sem inn í ofangreindar formúlur
ganga. Verður það ekki rakið hér, en vísast til forskriftar
fyrir rafreikni í kafla 4.5.

Hinir ýmsu konstantar sem inn í ofangreindar formúlur ganga
eru teknar upp úr skýrslu sem Byggingadeild hefur tekið
saman "11 kV. háspennulínur DATAR".

4.4.
Útreikningur á
kostnaði.

Sú leið hefur verið valin að reikna kostnað hvernar línugerðar
fyrir sig í þús. kr. á km. miðað við að hámarks haflengdum
sé allsstaðar haldið.

Til þess að reikna kostnað við hinar ýmsu línugerðir hafa
verið búnar til eftirtaldar formúlur:

$$1. \quad EKS = (CA + (n-3)XA) \cdot \frac{1000}{a}$$

EKS = Efniskostnaður við staura og toppbúnað í þús.kr. á km.

CA = Verð á staur og þriggja víra toppbúnaði í þús. kr.

n = fjöldi víra í línu

XA = Mismunur á verði toppbúnaðar við 3 og 2 víra línu og 2 - 1
vírs línu í þús. kr.

a = ráðandi haflengd í m.

$$2. \quad EKV = CD \cdot n \cdot Qvir$$

EKV = Efniskostnaður víra í þús. kr. pr. km.

CD = Verð á 1000 kg í þús. kr.

Qvir = Þungi vírs í kg./m.

$$3. \quad AKS = \frac{SL}{60} (CB + XB (n-3)) \frac{1000}{a}$$

AKS = Kostnaður við uppsetningu staura í þús. kr./km.

SL = Kostnaður á mannklukkustund í þús. kr.

CB = Tími í mannmínútum sem það tekur að reisa staur með þriggja
víra toppbúnaði

